

LÖG

um breytingu á lögum nr. 147/1994, um breytingu á lögum nr. 75/1981,
um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

1. tölul. 52. gr. laganna orðast svo: Gjafir, þó ekki tækifærisgjafir í fríðu til starfsmanna eða viðskiptavina þegar verðmæti þeirra er ekki meira en gerist um slíkar gjafir almennt.

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 17. gr. laganna:

- a. Í stað „a-, b-, c-, f-, g-, h-, i- og j-liðar 7. gr.“ í 3. málsl. 1. mgr. kemur: a-, b-, c-, e-, f-, g-, h-, i- og j-liðar 7. gr.
- b. Í stað „d- og e-liðar 7. gr.“ í lokamálslið 1. mgr. kemur: d-liðar 7. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 28. júní 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Friðrik Sophusson.